

Anna Lís Guðmundsdóttir
Anna María Bogadóttir

Kirkjusandur

Borgartún 41 og Kirkjusandur 2

Byggðakönnun
Fornleifaskrá og húsakönnun



Reykjavík 2016

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 173


Borgartún 41 og Kirkjusandur 2

Byggðakönnun

Fornleifaskrá og húsakönnun

Anna Lía Guðmundsdóttir

Anna María Bogadóttir



Reykjavík 2016

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 173

Unnið að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lísu Guðmundsdóttir, Anna María Bogadóttir

Prófarkalestur: Drífa Kristín Þrastardóttir.

Mynd á forsiðu:

Loftmynd tekin til suðaustur yfir svæðið 27. maí 1946. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 32-13.
Ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 173

Reykjavík 2016

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Formáli	3
1. Byggðakönnun	5
1.1 Saga svæðisins.....	5
2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun.....	15
2.1 Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	15
2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja	17
2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar	19
2.4 Húsakönnun.....	21
2.7 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki	31
Heimildaskrá	33

Formáli

Hér fer á eftir rannsókn byggðar og skrá yfir menningarminjar á deiliskipulagssvæði sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0 og afmarkast af Sæbraut til norðvesturs, götunni Kirkjusandi til norðausturs, íbúðabyggð við Laugarnesveg til suðausturs og götunum Borgartúni og Kringlumýrarbraut til suðurs og suðvesturs. Svæðið skiptist í tvær lóðir, Kirkjusand 2 og Borgartún 41 (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).¹ Byggðakönnunin er unnin að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur vegna gerðar deiliskipulags á svæðinu.

Ákvæði um deiliskipulag er að finna í 37. grein **skipulagslaga nr. 123/2010**, þar sem segir:²

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svípmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætið fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.³ Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri friðuð.⁴ Jafnframt er kveðið á um að eigendum: „...húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“⁵

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árábil gert húsakannanir í samræmi við ofangreint ákvæði skipulagslaga og eru þær hluti af gögnum vegna gerðar deiliskipulags.⁶ Húsakönnun er „byggingarlistarleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“⁷ Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa

Fornleifaskráning er „forsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu fornleifar“.⁸ Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar

¹ Könnuð eru hús og minjar á deiliskipulagsreit sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0

Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Kirkjusandur. Sótt 10. mars 2016.

² Skipulagslög – nr. 123 – 22. september 2010. Tóku gildi 1. janúar 2011.

³ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

⁴ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 1. kafli, 3. gr og 7. kafli, 29. gr.

⁵ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 7. kafli, 30. gr.

⁶ Sjá skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefur Borgarsögusafns. Vefslóð: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur.

⁷ Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óútgefið leiðbeiningarit. Minjastofnun Íslands 2009.

⁸ Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa. Sótt 10. mars 2016.

fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag eru gerðar „auknar kröfur um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum“.⁹


Mars 2016,

María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

⁹ Skráningarstaðlar fornleifa, bls. 2. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar. Sótt 10. mars 2016.

1. Byggðakönnun

Hér fer á eftir umfjöllun um deiliskipulagssvæði sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0 og afmarkast af Sæbraut til norðvesturs, götunni Kirkjusandi til norðausturs, íbúðabyggð við Laugarnesveg til suðausturs og götunum Borgartúni og Kringlumýrarbraut til suðurs og suðvesturs. Svæðið skiptist í tvær lóðir, Kirkjusand 2 og Borgartún 41 (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.¹⁰

1.1 Saga svæðisins

1.1.1 Staðhættir og örnefni

Svæðið sem hér er fjallað um nær yfir hluta af því landi sem á öldum áður tilheyrði jörðunum *Rauðará* og *Lauganesi*. Samkvæmt landamerkjalyðingu frá árinu 1883 lágu merki á milli þessarar jarða eftir *Fúlutjarnarlæk*, frá sjó að upptökum hans við *Ámundaborg*, en samkvæmt eldri landamerkjalyðingum lágu merkin austar, þ.e.a.s. frá Ámundaborg sjónhendingu í stein á *Kirkjusandi* sem nefndur var *Stúlnaklettur* (*Stúlkuklettur*). Munnmæli segja að einhvern tíma hafi vanfær vinnukona í Laugarnesi horfið, en svo fundist við þennan stein ásamt tveimur

¹⁰ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 9. mars 2016. Um afmörkun sjá: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Kirkjusandur, breyting á deiliskipulagi.

stúlkubörnum. Hornmark Rauðararar, Reykjavíkur og Laugarness lá um Ámundaborg sem var fjárborg. Ámundaborg er löngu horfin en hefur verið þar sem býlið *Lækjarhvammur* var, nálægt því þar sem Lámúli 4 er nú.

Fúlutjarnarlækur var afrennsli frá *Kirkjumýri* og *Kringlumýri* og var farvegur hans að mestu leyti vestan við núverandi Kringlumýrabraut (sjá mynd 2). Fúlutjarnarlækur var talinn illur yfirferðar í miklum rigningum og leysingum. Nafn sitt dregur hann nafn af *Fúlutjörn*, sem var hálfgerð sjávarlón sem lyktaði af rotnandi gróðri. Fyllt var upp í Fúlutjörn og var því lokið um 1960. Fúlutjarnarlækur var settur í stokk árið 1957 og er því ekki sýnilegur lengur.¹¹

Laugalækur rann til sjávar á *Kirkjusandi* austan við *Stúlkuklett*. Hann var afrennsli frá *Þvottalaugunum* og rann um *Laugamýri* (Laugardal), vestan við *Laugarás*.¹² *Laugalækur* var settur í stokk árið 1949 og gata sem er á svipuðum slóðum nefnd eftir honum.

Kirkjusandur hét sandströndin frá Fúlutjarnarlæk að Laugarnesi. Nafnið *Kirkjusandur* kemur fyrst fyrir í Oddgeirsmáldaga frá 1379. Þar segir að Jónskirkja í Vík eigi land að Seli, akurland og sellátur í Örfirisey, auk þess akurland í Akurey og reka við *Kirkjusand*.¹³ Því er *Kirkjusandur* kenndur við kirkjuna í Reykjavík en ekki Laugarnesi. Vestast á *Kirkjusandi* var *Fúlakotsvör* en austast var *Suðurkotsvör*. Suðurkot var ein af hjáleigum Laugarness og þar hefur verið útræði frá fornu fari. Greint var á milli Ytri-Kirkjusands og Innri-Kirkjusands og voru mörkin trúlega um *Laugalæk*.¹⁴

Árið 1824, þegar Steingrímur Jónsson var orðinn biskup, sóttist hann eftir stuðning konungs til að reisa embættisbústað í Laugarnesi og var Laugarnesstofa þá reist. Húsið var eitt fárra steinhúsa sem þá höfðu verið reist á Íslandi. Það var alla tíð lekt og lélegt og svo fór að arftaka Steingríms, Helga Thordersen biskupi, fundust húsakynni í Laugarnesi óviðunandi, auk þess sem vegurinn til Reykjavíkur yfir Fúlutjarnarlæk var ógreiðfær. Helgi flutti því í nýtt hús embættisins að Lækjargötu 4 árið 1856.¹⁵ Vegurinn út í Laugarnes var vissulega slæmur en þetta var gamall götutroðningur sem lá með ströndinni í vestur frá Laugarnesi, eftir *Kirkjusandi* innri, yfir *Laugalæk*, eftir *Kirkjusandi* ytri á vaði yfir Fúlutjarnarlæk og að Rauðará. Þessi leið fékk nafnið *Biskupsgata* meðan biskup bjó í Laugarnesi.¹⁶

Bæjarstjórn Reykjavíkur keypti Laugarnes ásamt jörðinni Kleppi árið 1885, í því skyni að tryggja Reykvíkingum aukið land til beitar, ræktunar og mótöku og árið 1894 voru báðar jarðirnar lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.¹⁷ Eftir að Laugarnes komst í eigu bæjarins var hafist handa um gerð vegar sem auðvelda átti fólki ferðir inn í Þvottalaugarnar og dregur vegurinn, Laugavegur, nafn sitt af þeim. Til að komast að laugunum höfðu þvottakonurnar áður þurft að þræða götur meðfram sjónum austur úr Skuggahverfi, fara yfir Fúlutjarnarlæk (nálægt því þar sem nú eru gatnamót Kringlumýrabrautar og Borgartúns) og þaðan yfir *Kirkjumýri*, sem var bæði blaut og keldótt.¹⁸

¹¹ Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarar“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 295-303 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur . Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/> → Fúlutjarnarlækur, Fúlatjörn. Sótt 11.3.2016.

¹² Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarar“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 295-303 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur . Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/> → *Laugalækur*. Sótt 11.3.2016.

¹³ *Íslenskt fornbréfasafn*, III. bindi, bls. 339- 340.


¹⁴ Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarar“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 295-303 – Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur . Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/> → *Suðurkotsvör*, *Kirkjusandur*. Sótt 11.3.2016.

¹⁵ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*, bls. 55-66 og 87.

¹⁶ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*, bls. 58.

¹⁷ Páll Lindal: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*. 2. bindi (H-P), bls. 102, 117 og 124 – Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur*. Fyrri hluti, bls. 45 og 50-51.

¹⁸ Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrístateigur, Otrateigur*. Skýrsluröð Borgarsögusafns, skýrsla 150, bls.14.




Mynd 2. Örnefni og staðhættir á svæðinu.¹⁹

Árið 1898 lét danska Oddfellowreglan reisa holdsveikraspítala í Laugarnesi sem gefinn var íslensku þjóðinni. Þá var lagður nýr vegur að Laugarnesi frá Laugavegi. Vegur þessi beygði af Laugarvegi nálægt því þar sem Hátún 6 er nú og lá yfir Fúlutjarnarlæk á brú vestan við *Kirkjuból* (Laugarnesvegur 37). Vegurinn lá síðan í beinni stefnu til norðausturs yfir brú á Laugalæk. Hann var í upphafi nefndur *Spítalavegur* en fékk síðar nafnið *Laugarnesvegur* (sjá mynd 3).²⁰ Við þessa vegalagningu varð leiðin greiðari að Kirkjusandi sem hafði þau áhrif á að þar varð til fyrsti vísir byggðar.

¹⁹ Borgarvefsjá: Kort úr LUKR (Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar) 2006. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Örnefni sett inn af Önnu Lísu Guðmundsdóttur, Borgarsögusafni. Heimildir um örnefni: Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 172 – Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 295-303 – Kort Samúels Eggertssonar af Reykjavík 1910: „Reykjavík. Mæling og uppdráttur 1910 gerður með tilliti til uppdráttar Reykjavíkur 1903 (stærð 1:5000) eftir Landmælingardeild herforingjaráðsins og Nágrenni Reykjavíkur og Hafnafjarðar (stærð 1:2500) eftir sömu.“ Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

²⁰ Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Skýrsluröð Borgarsögusafns, skýrsla 150, bls.14.



Mynd 3. Kort frá danska herforingjaráðinu sem sýnir byggðina á Kirkjusandi og í Laugarnesi árið 1900. Búið er að leggja nýjan veg frá Laugavegi yfir Fúlutjarnarlæk og Laugalæk heim að spítalanum í Laugarnesi. Á kortinu sést fyrsta bygging Th. Thorsteinssonar á Ytri-Kirkjusandi.²¹

Á árunum 1949-1975 voru gerðar miklar landslagsbreytingar á svæðinu sem hér er til umfjöllunar. Austast hluti Fúlutjarnar náði inn á svæðið á sínum tíma, en fyllt var upp í tjörnina og var því lokið um 1960. Austast um svæðið rann Laugalækur en hann var settur í stökk árið 1949²² og ströndin byggð fram um 100 m með landfyllingu. Því er ásýnd og náttúra hins forna *Kirkjusands* mjög mikið breytt.

1.1.2 Upphaf byggðar á svæðinu – Fiskverkunarstöð Th. Thorsteinssonar


Í kjölfar þess að gott vegasamband komst á úr bænum inn að Laugarnesi með gerð nýja Laugarnesvegarins varð Kirkjusandur miðstöð fiskverkunar á fyrri hluta 20. aldar. Á *Ytri-Kirkjusandi* fékk Þorsteinn Þorsteinsson, sem var oftast nefndur Th. Thorsteinsson, leyfi til að koma upp fiskverkunarstöð (salfiskverkun) árið 1899. Mörk lóðarinnar sem hann fékk til umráða réðust af Fúlutjarnarlæk að sunnan og Stúlknakletti að norðan.²³ Þorsteinn var tengdasonur Geirs Zoëga og hafði stofnað verslunina Liverpool árið 1896, auk þess að vera

²¹ Kort danska herforingjaráðsins af Kirkjusandi og Laugarnesi árið 1900. Sótt af vef Landmælinga Íslands (ekki lengur sýnilegt á vef, vegna bilana).

²² Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur . Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/> → Laugalækur. Sótt 11.3.2016.

²³ *Reykvíkingur*, 1. nóvember 1899, bls. 44.

með þilskipaútgerð.²⁴ Ári seinna sótti hann um að fá leigutíma á lóðinni á Kirkjusandi lengdan úr 10 árum í 20 ár, þar sem hann þurfi að kosta allmiklar tilfæringar á staðnum, byggja hús þar o. fl. Auk þess bað hann um leyfi til að stækka leigulóðina og setja fiskþurrkunargrindur á svæðið fyrir ofan Stúlknaklett, að sandinum fyrir innan höfðann, til fisksólunar.²⁵



Mynd 4. Hluti af korti Samúels Eggertssonar frá árinu 1910. Vestast er Kirkjuból við Laugarnesveg. Á miðju kortinu sjást mannvirki Th. Thorsteinssonar á Ytri-Sandi og norðar mannvirki Jes Zimsens á Innri-Sandi. Brautarteinar lágu frá Fúlutjarnarlæk að Ytri-Sandi og áfram að Innri-Sandi.²⁶

²⁴ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*, bls. 172-173.

²⁵ *Reykviðingur*, 1. apríl 1900, bls. 16.

²⁶ Kort Samúels Eggertssonar af Reykjavík 1910: „Reykjavík. Mæling og uppdráttur 1910 gerður með tilliti til uppdráttar Reykjavíkur 1903 (stærð 1:5000) eftir Landmælingardeild herforingjaráðsins og Nágrenni Reykjavíkur og Hafnafjarðar (stærð 1:2500) eftir sömu.“ Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Árið 1900 setti Jes Zimsen á fót fiskverkun á *Innri-Kirkjusandi* ásamt bræðrunum Birni og Þorsteini Gunnarssonum og þar reistu þeir tvö fiskverkunarhús. Á næstu áratugum reistu félögin margvísleg mannvirki í kringum fiskvinnsluna á svæðinu, þar á meðal þurrkhús, geymsluhús, vélaskúra, þvottahús, verbúðir, verkstjóraíbúð og bryggjur.²⁷

Fjöldi manns var í vinnu við salfiskvinnsluna og var reitur Th. Thorsteinssonar lengi einn stærsti fiskreiturinn í Reykjavík og vinnustaður fjölda karla, kvenna og barna. Fiskurinn var saltaður, þvegin og þurrkaður á stakkstæðum, síðan hlaðið upp í stakk og að lokum var hluta hans komið fyrir innandyrna í fiskgeymslum.²⁸ Til að getað þurrkað fisk allt árið voru byggð sérstök þurrkverkunarhús. Þau mátti þekkja á loftstökkum á þakinu.²⁹



Mynd 5. Salfiskverkun Th. Thorsteinssonar á Ytri-Kirkjusandi. Myndin er tekin upp úr aldarmótum 1900. Einungis eru risin tvö hús, fiskverkunar húsið og íbúðarhúsið sem stendur norðar (ljósmálað hús). Unnið er við að breiða fiskinn út til þurrkunar.³⁰

Til að koma fiskinum til og frá fiskverkunarhúsunum um stakkstæðin voru lagðir um 500 m af brautarteinum frá Fúlutjörn að húsunum á Ytri-Sandi og þaðan norður að húsunum á Innri-Sandi. Auk þess lágu teinarnir á búkkum yfir Fúlutjörn á tímabili.³¹

Byggt var við húsin og þau stækkuð og í úttekt frá árinu 1915 voru þau orðin sex talsins. Árið 1920 brunnu nokkur hús á lóðinni (þ.á.m. líklega nyrsta fiskþurrkunarhúsið sem var með loftstökkum á þakinu) en íbúðarhús frá 1915 og fiskþurrkunarhús frá 1900 sluppu. Árið 1921 reisti Th. Thorsteinsson nýtt fiskþurrkunarhús á rústum eldri húsa. Það var hús

²⁷ Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*, bls. 174.

²⁸ Valdimar Unnar Valdimarsson og Halldór Bjarnarson: *Salfiskur í sögu þjóðar*. Fyrri bindi, bls. 186.

²⁹ Valdimar Unnar Valdimarsson og Halldór Bjarnarson: *Salfiskur í sögu þjóðar*. Fyrri bindi, bls. 206.

³⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS 15 901. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

³¹ Kort Samúels Eggertssonar af Reykjavík 1910: „Reykjavík. Mæling og uppráttur 1910 gerður með tilliti til uppráttar Reykjavíkur 1903 (stærð 1:5000) eftir Landmælingardeild herforingjaráðsins og Nágrenni Reykjavíkur og Hafnafjarðar (stærð 1:2500) eftir sömu.“ Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur – Ljósmyndasafn Reykjavíkur: MAÓ 98. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

með tveimur loftstökkum á þakinu og snéri þvert á gamla þurrkhúsið.³² Þetta hús stóð lengi eitt eftir á reitnum til minningar um þetta tímabil, en var flutt að Ægisgarði 2 við gömlu Reykjavíkurhöfn árið 2011 og hýsir nú veitingastað.³³

Byggðin fór að þéttast við Laugarnesveg á 3. áratugi 20. aldar, nánar tiltekið á árunum 1926–1929. Íbúðarhús voru byggð austan götunnar og í dag standa þar 8 hús frá þessu tímabili.³⁴

1.1.3 Hernámsárin – Braggabyggð á svæðinu

Á árunum um og eftir síðari heimsstyrjöld settu braggar og önnur mannvirki hernámsliðsins svip á byggðina á þessum slóðum eins og annars staðar í bænum. *Detention Camp*, fangelsiskampur, var staðsettur á Ytri-Kirkjusandi, suðaustan við fiskvinnsluhús Th. Thorsteinssonar. Þar var fangelsi breska hersins og síðar flotans.³⁵



Mynd 6. Loftmynd tekin til suðaustur yfir svæðið 27. maí 1946. Hér sést vel braggahverfið suðaustan við fiskverkunarhúsin á Kirkjusandi. Ofar sjást Laugarnesvegur, Teigarnir og Laugarnesskóli og til hægri á miðri mynd er Laugarneskirkja.³⁶


³² Borgarskjalasafn: Aðf. 740. Brunatrygging húsa 13.11.1920–28.11.1922. Laugarnesvegur, Kirkjusandur, brunavirðing dags. 3.9.1921 (bnr. 580).

³³ Húsið er kallað Sólfell í umfjöllun fjölmiðla frá þeim tíma (2010–2011), en ekki er ljóst hvaðan sú nafngift kemur.

³⁴ Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Skýrsluröð Borgarsögusafns, skýrsla 150, bls. 6.

³⁵ Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga*, bls. 24–25 og 55 – Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 100 og 124–125.

³⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: ÁBS LS 32-13. Ljósmyndari Þorsteinn Jósefsson.



Mynd 7. Fangelsi breska hersins á Kirkjusandi.³⁷

Á svæðinu voru nokkrir herskálar sem notaðir voru sem fangageymslur og var fangelsissvæðið afgirt með 3 m hárra netgirðingu (sjá mynd 7). Þarna voru nokkrir Íslendinga hafðir í haldi í kjölfar dreifibréfsmálsins svokallaða. Á svæðinu voru líka tvær stórar birgðaskemmur auk fjögurra skemma með mænispaki sem voru reistar af Kanadamönnum og standa enn.³⁸

1.1.4 Strætisvagnar Reykjavíkur á Kirkjusandi

Reykjavíkurborg yfirtók rekstur Strætisvagna Reykjavíkur árið 1944 og ári seinna var bækistöð strætisvagna flutt frá Hringbraut 56 yfir á athafnasvæði á Ytri-Kirkjusandi sem bærinn tók á leigu handa fyrirtækinu. Það er sú lóð sem nú talin númer 41 við Borgartún. Þar voru þá til staðar áður nefnd fiskverkunarhús Th. Thorsteinssonar og stórar birgðaskemmur og nokkrir braggar frá hernum. Svæðið allt og meðfylgjandi byggingar voru færð í það horf sem taldist nothæft fyrir strætisvagnana og starfssemi þeirra. Húsin hóstu síðan vinnustofur, verkstæði, birgðastöð og geymsluplan fyrir vagnana.³⁹ Meðal þessara húsa voru járnklædd, fjögurra bursta bindingshús sem reist höfðu verið af Kanadamönnum á stríðsárunum og nefnd eru hér að ofan. Þau voru notuð undir dekkjaverkstæði, geymslur og sprautuverkstæði í tíð Strætisvagnanna.⁴⁰

Í lok sjöunda áratugarins og byrjun þess áttunda voru reist tvö hús til viðbótar á lóðinni fyrir Strætisvagna Reykjavíkur, annars vegar þvottahús (austar) og hins vegar skrifstofu- og verkstæðishús (vestar). Um leið voru eldri hús á lóðinni rifin, öll nema kanadisku húsin og gamla þurrkhúsið frá 1921. Húsin sem Strætisvagnar Reykjavíkur létu reisa á lóðinni auk bindingshússins sem Kanadamenn reistu standa enn og eru lítið breytt frá


³⁷ Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum*, bls. 100.

³⁸ Lýðveldi í hersetinni Reykjavík. Sögulegt dagatal 1994. Útg. af Árbæjarsafni 1993.

³⁹ Guðlaugur Jónsson: *Saga Strætisvagna Reykjavíkur 1931-1967*, bls. 143.

⁴⁰ Munnlegar heimildir: Guðmundur Brynjar Guðnason.

upprunalegri gerð. Strætisvagnar Reykjavíkur höfðu bækistöðvar að Kirkjusandi í rúmlega hálfa öld eða fram til ársins 2001. Lóðin var í seinni tíð gjarnan kölluð Strætólóðin.



Mynd 8. Horft í norður yfir lóð SVR við Kirkjusand árið 1946. Til vinstri eru fiskverkunarhús Th. Thorsteinssonar, á miðri mynd eru byrgðarskemma hersins og til hægri íbúðarhús við Langholtsveg.⁴¹



Mynd 9. Myndin er tekin árið 1946 inni í sprautuverkstæði Strætisvagna Reykjavíkur. Þarna má sjá vagn merktan Lækjartorgi (Studebaker).⁴²

1.1.5. Júpíter hf. og Mars hf. á Kirkjusandi

Árið 1948 fluttu togaraútgerðarfélagin Júpíter hf. og Mars hf. til Reykjavíkur, en þau voru upphaflega stofnuð í Hafnarfirði af Tryggva Ófeigssyni og fleirum. Félagin ráku hraðfrystihús

⁴¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG Reykjavík SVR 6. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

⁴² Ljósmyndasafn Reykjavíkur: VIG Reykjavík SVR 4. Ljósmyndari Sigurhans Vignir.

ásamt saltfisk- og skreiðarverkun á Ytri-Kirkjusandi til ársins 1973, á lóðinni sem nú er talin númer 2 við götuna Kirkjusand. Félagið leigði lóðina til 30 ára og reisti á henni ýmis fiskgeymslu- og vinnsluhús. Árið 1950 sótti félagið um leyfi að byggja stórt, steinsteyppt fiskverkunarhús við fjöruborðið. Húsið var hækkað og byggt við það í nokkrum áföngum og var á sínum tíma stærsta frystihús landsins.

1.1.6. SÍS og Íslandsbanki á Kirkjusandi

Í kjölfar eldgossins í Heimaey árið 1973 keypti Ísfélagið frá Vestmannaeyjum frystihúsið og aðrar eignir á Kirkjusandi og rak til ársins 1975 þegar Samband íslenskra samvinnufélaga keypti húseignirnar við Kirkjusand. Sambandið var umsvifamikið í Laugarnesi á 7. og 8. áratugnum og reisti meðal annars stórhýsi fyrir kjötvinnslu austan við götuna Kirkjusand (á Innri-Kirkjusandi). Á 9. áratugnum hóf Sambandið umfangsmiklar breytingar á frystihúsinu við Kirkjusand sem var stækkað, hækkað og klætt, en fyrirhugað var að breyta því í skrifstofuhús undir nýjar höfuðstöðvar Sambandsins. Niðurrif ýmissa mannvirkja á svæðinu var hluti af þessum breytingum. Árið 1988 þegar framkvæmdir voru komnar á gott skrið tók að halla undan fæti hjá Sambandinu og um svipað leyti og skrifstofuhúsnæðið var fullbúið þurfti Sambandið að láta af hendi eign sína í húsinu. Íslandsbanki eignaðist síðar húsið og aðrar eignir á lóðinni og flutti þangað höfuðstöðvar sínar árið 1995. Í kjölfarið voru gerðar minniháttar breytingar á útliti og innra fyrirkomulagi hússins.

Öll mannvirki sem voru reist undir fiskverkun á Kirkjusandi á fyrri helmingi 20. aldar og mynduðu ákveðna þyrpingu og menningarsögulega heild hafa verið rifin að einu húsi undanskyldu. Það hús var ekki varðveitt á Kirkjusandi heldur flutt þaðan árið 2007 og komið fyrir við gömlu höfnina í Reykjavík (Ægisgarð 2), eins og áður er nefnt.

2. Skráning menningarminja – Fornleifaskrá og húsakönnun

2.1 Almennt um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.⁴³

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlögd þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

⁴³ Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Byggingararfur er skilgreindur í 4. gr. og teljast hús og önnur mannvirki og einstakir hlutar þeirra sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi til byggingararfs þjóðarinnar:

- a. stök hús eða hlutar þeirra og húsasamstæður, hvort sem er til íbúðar eða menningar- og atvinnustarfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, húsabyrpingar og götumyndir,
- b. kirkjur og bænhus, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, svo sem klukkuturnum, garðhleðslum og sáluhliðum, klaustur, samkomuhús, skólahús og nánasta umhverfi þeirra, aðrar opinberar byggingar, íþróttamannvirki og sundlaugar,
- c. brýr og hvers konar samgöngumannvirki, virkjanir, stíflur, dælustöðvar og önnur orkumannvirki, hafnarmannvirki, vind- og vatnsmyllur, vitar, slippir, hjallar, manngerðir hellar og réttir.

Nánari ákvæði um verndun og varðveislu húsa og mannvirkja er að finna í 29. gr. laganna og samkvæmt henni eru öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri friðuð:

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Um verndun annarra húsa og mannvirkja sem ekki ná 100 ára aldri er kveðið á í 30. gr.:

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra

framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningaminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

2.2 Tilgangur og aðferðafræði skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár.

Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2016) eru um 3150 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa. Allar fornleifar eru skráðar í Sarp – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum eins og jarðaskipting var um 1835-1845. Minjarnar fá þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignamat ríkisins úthlutar, næst kemur númer jarðarinnar samkvæmt Jarðabók Johnsens frá 1847 og þriðja talan er síðan hlaupandi tala innan jarðarinnar. Við skráningu þess svæðis sem hér um ræðir eru minjar í landi jarðarinnar Laugarnes.

Við skráningu minja jarðanna var rýnt í örnefnaskrár, kort og aðrar ritaðar heimildir, auk þess sem vettvangsskoðun fór fram. Eldri minjastaðir kunna að hafa raskast eða jafnvel eyðst vegna seinni tíma framkvæmda. Enn geta þó leynst í jörðu fornleifar og ætti því að sýna aðgát við jarðrask nálægt minjastöðum.

Við skráningu menningarminja er sögu jarðanna gerð skil og varpað ljósi á þætti sem gefa upplýsingar um sögu byggðar og búskapar í nágrenninu. Þá er tegundum og hlutverki minja lýst. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (strekkt) á gildandi skipulagsuppdætti, sem sóttir eru í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og minjarnar hnitsettar sem punktur í kerfinu ISN 93.⁴⁴

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit, en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

⁴⁴ Vefur: Borgarvefsja. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Minjaflokkar

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	Rauður
2	Minjar frá 1917-1930	Gulur
3	Minjar frá 1930 og yngri	Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	Blár

Húsaskrá Reykjavíkur er gagnagrunnur um hús í Reykjavík. Megintilgangurinn með skránni er að safna á einn stað upplýsingum um hús í Reykjavík og varpa ljósi á byggingararf borgarinnar. Í húsaskránni má meðal annars finna upplýsingar um byggingarár húsa, hönnuði, upprunalega gerð, byggingarefni húsa, helstu breytingar sem gerðar hafa verið á viðkomandi húsum og annað sem lýtur að sögu þeirra.

Húsaskrá byggir á margvíslegum frumgögnum svo sem brunavirðingum, gögnum byggingarnefndar, teikningum, kortum og ljósmyndum en einnig prentuðum heimildum og vettvangskönnunum. Skráin er góður grunnur fyrir rannsóknir á byggingarsögu Reykjavíkur, þar sem í henni eru upplýsingar um hús sem byggð hafa verið í Reykjavík í gegnum tíðina, einnig þau sem hafa verið rifin. Húsaskráin er lögð til grundvallar við gerð húsakannana og hefur að geyma upplýsingar um varðveislumat húsa, sem horft er til þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum.


Brunavirðingar eru mikilvægar heimildir um hús í Reykjavík. Eftir að Reykjavík fékk inngöngu í Brunabótafélag danskra kaupstaða árið 1874 voru öll hús bæjarins virt til brunabóta. Þá var húsunum lýst mjög nákvæmlega og verðmæti þeirra metið og skráð. Þessar brunavirðingar veita mikilvægar upplýsingar um byggingarár húsa og breytingar sem gerðar hafa verið á þeim. Byggingarnefnd tók til starfa í Reykjavík árið 1839. Á Borgarskjallasafni Reykjavíkur eru varðveitt öll skjöl byggingarnefndar frá upphafi svo sem umsóknir um nýbyggingar og breytingar, leyfisveitingar nefndarinnar og umsagnir ýmissa aðila. Ennfremur má sjá í veðmálabókum hvernig hús hafa gengið kaupum og sölum í Reykjavík í aldanna rás.

Teikningar og ljósmyndir veita mikilsverðar upplýsingar þegar rannsökuð er byggingarsaga húsa og þróun byggðar. Hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur eru varðveittar allar teikningar af húsum í Reykjavík sem sótt hefur verið um samþykki fyrir. Ljósmyndir koma sér vel við athugun á ýmsum atriðum, t.d. því hvernig gluggar húsa hafa tekið breytingum í gegnum tíðina, en slíkar breytingar eru yfirleitt ekki skráðar í skjalleg gögn. Ljósmyndir af húsum í Reykjavík eru varðveittar á Ljósmyndasafni Reykjavíkur og Þjóðminjasafni Íslands. Kort og uppdrættir eru einnig mikilvægar heimildir um þróun byggðar og meðal þeirra sem gagnast við rannsóknir á sögu Reykjavíkur eru ýmis frumkort af Reykjavík frá 18., 19. og 20. öld, sem og kort mælingadeildar Reykjavíkurborgar og skipulagsuppdrættir. Prentaðar heimildir eru til fjölmargar um sögu Reykjavíkur. Þær koma allar að góðum notum við gerð húsaskrárinnar hvort sem um frásagnir samtíðarmanna er að ræða eða sagan er skráð af eftirkomendum.

Með skoðun og ljósmyndun á vettvangi er unnt að meta ástand viðkomandi húss eða svæðis og þannig næst jafnframt heildaryfirsýn yfir gerð og efnisnotkun. Umhverfislegt mat og þar með varðveislugildi húss byggir síðan á samanburði á núverandi ástandi og skjallegum upplýsingum um upphaflega gerð húss.

2.3 Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

2.3.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar



Mynd 10. Skráðar fornleifar og yngri minjar á deiliskipulagssvæðinu.⁴⁵

⁴⁵ Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Vefur: Borgarvefsja. Vefslóð: <http://lukur-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>. Sótt 10. janúar 2016.

Elstu fornleifarnar á þessu svæði eru landamerki Rauðarárar og Lauganess við Stúlnaklett. Aðrar fornleifar á svæðinu tilheyra allar elstu byggð Th. Thorsteinssonar á *Ytri-Kirkjusandi*. Th. Thorsteinsson fékk árið 1899 leyfi til að byggja fiskverkunarstöð (salfiskverkun) á lóðinni sem afmarkaðist af Fúlutjarnarlæk að sunnan en Stúlnakletti að norðan. Húsin sem hann byggði voru öll á því svæði sem seinna varð Strætólóðin svokallaða (Borgartún 41). Ári seinna sótti Th. Thorsteinsson um að fá leigutíma á lóðinni lengdan úr 10 árum í 20 ár, þar sem hann þurfi að kosta allmiklar tilfæringar á staðnum, byggja þar hús o. fl. Auk þess bað hann um leyfi til að stækka leigulóðina og setja fiskþurrkunargrindur á svæðið fyrir ofan Stúlnaklett að sandinum fyrir innan höfðann, til fisksólunar, og stækkaði hann þá stakkstæðið til austurs að Laugalæk.⁴⁶ Húsin sem Th. Thorsteinsson byggði voru fiskverkunarhús, þvottahús, íbúðarhús og fiskþurrkunarhús og byggði hann þessi hús í áföngum. Upplýsingar um þau er að finna í brunavirðingum sem varðveittar eru á Borgarskjalasafni Reykjavíkur. Elstu húsin voru mæld inn á kort Samúels Eggertssonar af Reykjavík frá árinu 1910.⁴⁷

Númer	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá ár	Hnit X	Hnit Y	Lengd	Breidd	Ástand	Horfin
230-151	Stúlnaklettur	Landamerki	Heimild	Eldri en 1883	359390,7	408283,3			Ómetið	Já
230-152	Ytri - sandur	Fiskverkunarhús	Heimild	1900-1970	359361,2	408222,1	37	11	Ómetið	Að hluta
230-153	Ytri - sandur	Íbúðarhús	Heimild	1900-1920	359384,6	408214,5	21	9	Ómetið	Að hluta
230-154	Ytri - sandur	Þvottahús	Heimild	1910-1972	359363,5	408225,6	18	15	Ómetið	Að hluta
230-155	Ytri - sandur	Bryggja	Heimild	1900-1920	359326,5	408222,5	28	3	Ómetið	Já
230-156	Ytri - sandur	Brautarteinar	Heimild	1900-1940	359352,3	408162,2	600	1	Ómetið	Já
230-157	Ytri - sandur	Íbúðarhús	Heimild	1912-1965	359371,6	408236,2	9	8	Ómetið	Að hluta
230-158	Ytri - sandur	Fiskþurrkunarhús	Heimild	1912-1960	359380,2	408250,8	7,5	7,5	Ómetið	Að hluta
230-159	Ytri - sandur	Stakkstæði	Heimild	1900-1940	359481,1	408277,1			Ómetið	Já

2.3.2. Varðveislumat fyrir fornleifar og yngri minjar

Á deiliskipulagssvæðinu eru níu fornleifar skráðar, þar af eitt landamerki og fimm byggingar Th. Thorsteinssonar fiskverkanda, auk stakkstæðis, bryggju og brautarteina sem tilheyrðu þessari verkun. Öll merki þessarar byggðar eru horfin af yfirborði en trúlega leynast minjar í jörðu (sjá mynd 16). Áður er kemur að jarðvegsframkvæmdum á deiliskipulagsreitnum skal leita upplýsinga Minjastofnunar Íslands um meðhöndlun fornleifa.

⁴⁶ *Reykviðingur*, 1. apríl 1900, bls. 16.

⁴⁷ Kort Samúels Eggertssonar af Reykjavík 1910: „Reykjavík. Mæling og uppdráttur 1910 gerður með tilliti til uppdráttar Reykjavíkur 1903 (stærð 1:5000) eftir Landmælingardeild herforingjaráðsins og Nágrenni Reykjavíkur og Hafnafjarðar (stærð 1:2500) eftir sömu.“ Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

2.4 Húsakönnun

Húsakönnun er „byggingarlistaleg og menningarsöguleg skoðun, könnun, greining, úttekt, skráning og mat bæjarumhverfis og einstakra húsa, studd sagnfræðilegri könnun nauðsynlegra frumheimilda.“⁴⁸ Húsakönnun sem unnin er fyrir hefðbundið deiliskipulag er tvíþætt; **byggðakönnun** með sögulegu yfirliti um þróun byggðar og byggingarsögu svæðisins og **húsakönnun** með húsaskrá og mati á varðveislugildi einstakra húsa. Í húsakönnun tekur varðveislumat til eftirtalinna þátta: byggingarlistar, menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og upprunalegrar gerðar húss og færð skulu rök fyrir varðveislugildi.⁴⁹ Tilgangur húsakannana er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar af þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi, sögu og byggingarlist.

Í þessari húsakönnun er til umfjöllunar deiliskipulagssvæði sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0 og afmarkast af Sæbraut til norðvesturs, götunni Kirkjusandi til norðausturs, íbúðabyggð við Laugarnesveg til suðausturs og götunum Borgartúni og Kringlumýrarbraut til suðurs og suðvesturs. Svæðið skiptist í tvær lóðir, Kirkjusand 2 og Borgartún 41 (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).⁵⁰

Á svæðinu standa nú sex stakstæð hús frá ólíkum tíma og eru mjög mismunandi að stærð og gerð. Öll húsin eiga það sammerkt að bera atvinnusögu á reitnum og í borginni vitni. Þrjú hús eru byggð utan um umfangsmikla fiskverkun og fiskvinnslu á Kirkjusandi á 20. öldinni. Þar af eru tvö lítið breytt geymslu- og þurrkhús, einföld stálgrindarhús sem hafa fengið nýtt hlutverk á undanförunum áratugum. Þriðja húsið er stórt, steinsteypt hús og var upphaflega byggt sem fiskverkunar- og frystihús. Húsið er mikið breytt frá upprunalegri mynd og var hækkað og stækkað í mörgum áföngum á 6. og 7. áratugnum. Húsið var einnig stækkað á 9. áratugnum. Þá var útliti hússins gjörbreytt og það lagað að nýju hlutverki sem skrifstofuhús. Tvö steinsteypt hús á reitnum eru byggð sem hluti af viðhalds- og bækistöð Strætisvagna Reykjavíkur á lóðinni. Annars vegar þvottahús og hins vegar verkstæði. Bæði húsin hafa haldið upprunalegri gerð og stíleinkennum að mestu. Á reitnum er einnig einlyft bárujárnsklætt bindingshús með fjórum burstum. Húsið var byggt af Kanadamönnum á stríðsárum og notað undir bifreiðaverkstæði. Það er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Hér fer á eftir skrá yfir ofangreind hús.

⁴⁸ Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna. Óútgefið leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar ríkisins, 2009.

⁴⁹ Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannanna. Óútgefið leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar ríkisins, 2009.

⁵⁰ Könnuð eru hús og minjar á deiliskipulagsreit sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0

Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Kirkjusandur. Sótt 10. mars 2016.

2.4.1 Húsaskrá Reykjavíkur - Borgartún 41 - Kirkjusandur 2

Fyrsti eigandi Strætisvagnar
Reykjavíkur

Hönnun Óþekktur

Upphafleg notkun
Bifreiðageymsla



Upphafleg gerð	Upphaflegt útlit	Helstu breytingar	Hönnuðir breytinga
Tegund	Timbur, bindingur	Einlyft	
Klæðning	Bárujárn		
Þakgerð	Mænisþak - Burstir		
Þakklæðning	Bárujárn		
Undirstöður	Steinsteyptar		

Saga

Húsið, sem er einlyft, járnklætt bindingshús með fjórum, jafnstórum (18,9 x 7,5 m) burstum, var reist af Kanadmönnum á stríðsárunum. Húsið stendur á því svæði þar sem Th. Thorsteinsson hafði haldið úti fiskverkun frá byrjun 20. aldar en varð að viðhalds- og bækistöð Strætisvagna Reykjavíkur árið 1944. Upp frá því og fram til ársins 2001 nýttu Strætisvagnar Reykjavíkur húsið undir bifreiðaverkstæði og geymslur. Enn þann dag í dag er húsið notað undir bílgeymslu og sem viðgerðarhús. Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Einfalt atvinnuhúsnæði frá fyrri hluta 20. aldar.

Menningarsögulegt gildi: Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um atvinnusögu svæðisins, sögu stríðsáranna og sögu Strætisvagna Reykjavíkur.

Umhverfisgildi:


Upprunaleg gerð: Lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Fyrsti eigandi Strætisvagnar
Reykjavíkur

Hönnun Guðmundur Þór Pálsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Þvottahús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Húsið er einlyft, steinsteyp atvinnuhúsnæði. Strætisvagnar Reykjavíkur létu teikna og reisa húsið sem þvottahús fyrir strætisvagna. Eftir að Strætisvagnar Reykjavíkur fluttu bækistöðvar sínar af lóðinni hefur það verið notað undir aðra atvinnustarfsemi.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Einlyft, steinsteyp atvinnuhúsnæði. Húsið er stílhreint og ber höfundareinkennum Guðmundar Þórs Pálssonar vitni.

Menningarsögulegt gildi:

Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þá atvinnustarfsemi er eitt sinn einkenndi Kirkjusand og starfsemi Strætisvagna Reykjavíkur á svæðinu.

Umhverfisgildi:

Upprunaleg gerð:


Lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

Fyrsti eigandi Strætisvagnar
Reykjavíkur

Hönnun Guðmundur Þór Pálsson
arkitekt

Upphafleg notkun
Verkstæðis- og skrifstofuhús



Upphafleg gerð

Tegund Steinsteyp
Klæðning
Þakgerð Flatt þak
Þakklæðning
Undirstöður Steinsteypur

Upphaflegt útlit

Tvílyft

Helstu breytingar

1995 Lyfta í stigahús
1996 Fyrirkomul.breyt.
2010 Fyrirkomul.breyt.

Hönnuðir breytinga

Saga

Steinsteyp hús sem Strætisvagnar Reykjavíkur létu teikna og reisa sem verkstæði fyrir strætisvagna og skrifstofur. Eftir að Strætisvagnar Reykjavíkur fluttu bækistöðvar sínar af lóðinni hefur Frumherji og Kennslumiðstöð Öðukennarafélags Íslands verið með starfsemi í húsinu.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Steinsteyp bilaverkstæðis- og skrifstofuhús sem ber höfundareinkennum Guðmundar Þórs Pálssonar vitni.

Menningarsögulegt gildi:

Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þá atvinnustarfsemi er eitt sinn einkenndi Kirkjusand og starfsemi Strætisvagna Reykjavíkur á svæðinu.

Umhverfisgildi:

Upprunaleg gerð:

Lítið breytt frá upprunalegri gerð.


Varðveislugildi:

Fyrsti eigandi Júpiter hf. og Mars hf.

Hönnun Sigurður Pjetursson
arkitekt

Upphafleg notkun

Frystihús, verbúðir, veiðarfærageymsla



Upphafleg gerð

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	
Þakgerð	Flatt þak
Þakklæðning	
Undirstöður	Steinsteyptar

Upphaflegt útlit

Einlyft

Helstu breytingar

1956	Hækkun
1957	Hækkun Viðbygging
1958	Viðbygging
1959	Hækkun
1964	Hækkun turns
1988	Hækkun Viðbygging Ný klæðning Breytt í skrifstofuhús
1999	Útlitsbreyting

Hönnuðir breytinga

Gísli Hermannsson	
Gísli Halldórsson	arkitekt
Gísli Halldórsson, Jósef	arkitekt
Gísli Halld., Ólafur Júlíusson	
Gísli Halldórsson	arkitekt
Ormar Þór Guðmundsson	arkitekt
og Örnólfur Hall	arkitekt

Saga

Félögin Júpiter hf. og Mars hf. sóttu um leyfi til þess að byggja steinsteypt fiskverkunarhús við fjöruborðið á Kirkjusandi árið 1950, en félögin ráku hraðfrystihús ásamt saltfisk- og skreiðarverkun á Ytri-Kirkjusandi á árunum 1950-1973. Sá hluti hússins sem félögin reistu í upphafi 6. áratugarins stendur ekki lengur en elsti hússins sem nú stendur er frá árinu 1955. Ári síðar var húsið stækkað og hækkað til að koma þar fyrir matsal, veiðarfærageymslu og verbúð. Upphafleg áform um hækkun og stækkun hússins breyttust í ferlinu vegna nýrra áförmanna um að bæta við ísframleiðsluhúsi, sem var viðbygging norðan megin hússins sem nú stendur. Á 6. og 7. áratugnum var húsið hækkað í nokkrum áföngum í alls 4 hæðir auk lyftuturns, en húsið var á sínum tíma stærsta frystihús landsins.

Í kjölfar eldgossins í Heimaey árið 1973 keypti Ísfélagið frá Vestmannaeyjum frystihúsið og aðrar eignir á Kirkjusandi og rak til ársins 1975 þegar Samband íslenskra samvinnufélaga keypti húseignirnar við Kirkjusand. Á 9. áratugnum hóf Sambandið umfangsmiklar breytingar á frystihúsinu við Kirkjusand sem var stækkað, hækkað og klætt, en fyrirhugað var að breyta því í skrifstofuhús undir nýjar höfuðstöðvar Sambandsins. Árið 1988 þurfti Sambandið að láta af hendi eign sína í húsinu. Húsið stóð autt í um sjö ár eða þar til Íslandsbanki eignaðist húsið og aðrar eignir á lóðinni og flutti þangað höfuðstöðvar sínar árið 1995.

Varðveislumat

Byggingarlist:

Húsið var byggt sem fiskverkunarhús og íshús og er í grunninn mórernískt iðnaðarhúsnæði. Með breytingum í lok 9. áratugar fékk stærsti hluti hússins yfirbragð skrifstofuhúsnæðis í anda 9. áratugarins.

Menningarsögulegt gildi:

Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þá atvinnustarfsemi er eitt sinn einkenndi Kirkjusand.

Umhverfisgildi:


Húsið er stórt og setur svip á nærumhverfið.

Upprunaleg gerð:

Húsinu hefur verið breytt mikið í mörgum áföngum

Varðveislugildi:

Fyrsti eigandi Júpiter hf. og Mars hf.

Hönnun Sigurður Ólafsson
verkfræðingurUpphafleg notkun
Skreiðargeymsla / skreiðarhús

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund	Stálgrindarhús
Klæðning	
Þakgerð	Bogaþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstöður	Steinsteyptar

Einlyft

Saga

Húsið, sem er einlyft, óeinangruð stálgrindarbygging á steyptri undirstöðu var byggt sem skreiðargeymsla fyrir starfsemi Júpiter hf. og Mars hf. Á tímum fiskverkunar á svæðinu var það skreiðar- og fiskgeymsla en varð síðar ruslageymsla og er það enn í dag. Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislumat

Byggingarlist: Einfalt iðnaðarhúsnæði.


Menningarsögulegt gildi: Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þá atvinnustarfsemi er eitt sinn einkenndi Kirkjusand.

Umhverfisgildi:

Upprunaleg gerð: Húsið er nálægt upprunalegri gerð þrátt fyrir breytingar á útliti og innra fyrirkomulagi.

Varðveislugildi:

Fyrsti eigandi Kirkjusandur hf.

Hönnun Verkfræðistofa Þorbergs
ÞorbergssonarUpphafleg notkun
Skreiðarskemma

Upphafleg gerð

Upphaflegt útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund Stálgrindarhús
 Klæðning Brennlöckkuð
 Þakgerð Mænisþak
 Þakklæðning Bárujárn
 Undirstöður Steinsteypur

1988 Útlitsbreyting
 Fyrirkomul.breyt.

Saga

Í byrjun 9. áratugarins festi Kirkjusandur hf. kaup á verksmiðjuframleiddu stálgrindarhúsi og timburskúrar sem fyrir voru á lóðinni voru fjarlægðir til að koma stálgreindarskemmunni fyrir. Húsið var upphaflega skreiðarskemma en eftir að fiskvinnsla leið undir lok á reitnum var húsið nýtt undir ýmsa þætti skrifstofustarfsemi; sem þjónustuver, ritfangageymsla, tölvuver og fleira. Húsið stendur autt í dag.

Varðveislumat

Byggingarlist: Verksmiðjuframleitt stálgrindarhús á einni hæð.

Menningarsögulegt gildi: Húsið hefur menningarsögulegt gildi sem vitnisburður um þá atvinnustarfsemi er eitt sinn einkenndi Kirkjusand.

Umhverfisgildi: Húsið stendur inni á lóð og er í hvarfi.

Upprunaleg gerð: Lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislugildi:

2.4.2 Varðveislumat fyrir hús og mannvirki ¹

Við mat á varðveislugildi byggðar eru metnir á fjórir þættir: *Listrænt gildi (byggingarlist)*, *menningarsögulegt gildi*, *umhverfisgildi og upprunaleg gerð*. Varðveislugildi húsa byggist síðan á innbyrðis mati á vægi hvers þáttar og vega þar þyngst gildi byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis.

Við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja er stuðst við Húsverndarskrá Reykjavíkur sem gefin var út sem þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*² og endurskoðun á varðveisluflokkum Húsverndarskrár Reykjavíkur sem birt er sem fylgiskjal með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030*.³

Varðveisluflokkarnir eru:

BLÁR FLOKKUR: *Friðlýst hús og mannvirki.*

Hús friðlýst samkvæmt 5. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:

„Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.“

Á skrá er getið hvaða hluti byggingar er friðaður og friðunarár.

FJÓLUBLÁR FLOKKUR: *Friðuð hús.*

Hús friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir: „Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.“

RAUÐUR FLOKKUR: *Einstök hús, húsaraðir og götumyndir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd⁴ í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁵

GULUR FLOKKUR: *Samstæður húsa og heildir* sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra.⁶

APPELSÍNUGULUR FLOKKUR: *Hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur reistar 1940 eða fyrr.*

Hús sem falla undir ákvæði 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, sem segir:

„Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa.“

¹ Varðveislumat fyrir húsin á svæðinu var unnið af Önnu Maríu Bogadóttur arkitekt í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur.

² *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar.*

³ *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. C-hluti. Fylgiskjöl. Borgarverndarstefna. Vefslóð: <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur> → Val úr lista: C-hluti. Fylgiskjöl → Pdf.skjal, bls. 334.

⁴ Hverfisvernd byggir á 2. gr. skipulagslaga 2010 nr. 123/22. september en þar segir: „*Hverfisvernd*: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja“. *Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22. september*. Tóku gildi 1. janúar 2011.

⁵ Núverandi rauður flokkur kemur í stað eftirfarandi eldri flokka: **Rauður** flokkur: Byggingar sem lagt er til að friða; **Grænn** flokkur: Verndun 20. aldar bygginga; **Dökkgulur** flokkur: Verndun götumynda, húsaraða og húsa með umhverfisgildi. Sjá *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

⁶ Núverandi gulur flokkur kemur í stað eftirfarandi eldri flokka: **Ljós gulur** flokkur: Byggingamyndir sem lagt er til að vernda; **Milligulur** flokkur: Svæði sem lagt er til að vernda. Sjá *Húsvernd í Reykjavík, svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*.

Kirkjusandur – Staðgreinireitir 1.349.0 og 1.345.0 – Borgartún 41 og Kirkjusandur 2

Til umfjöllunar er deiliskipulagssvæði sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0 og afmarkast af Sæbraut til norðvesturs, götunni Kirkjusandi til norðausturs, íbúðabyggð við Laugarnesveg til suðausturs og götunum Borgartúni og Kringlumýrarbraut til suðurs og suðvesturs. Svæðið skiptist í tvær lóðir, Kirkjusand 2 og Borgartún 41 (sjá afmörkun svæðisins á mynd 1).⁷

Á svæðinu standa nú sex stakstæð hús frá ólíkum tíma og eru mismunandi að stærð og gerð. Þrjú húsanna eru byggð utan um umfangsmikla fiskverkun og fiskvinnslu á Kirkjusandi á 20. öldinni. Þar á meðal eru eitt stórt, steinsteipt hús sem var upphaflega byggt sem fiskverkunar- og frystihús og tvö einföld stálgrindarhús, byggð sem geymslu- og þurrkhús. Tvö steinsteipt hús eru byggð sem hluti af viðhalds- og bækistöð Strætisvagna Reykjavíkur. Á svæðinu er einnig einlyft bárujárnsklætt bindingshús með fjórum burstum sem var byggt sem atvinnuhús á stríðsárum og notað undir bifreiðaverkstæði.

Varðveislumat húsa á ofangreindu svæði:

Húsin á reitunum hafa menningarsögulegt gildi og bera langri og fjölbreyttri atvinnusögu á svæðinu vitni.

⁷ Könnuð eru hús og minjar á deiliskipulagsreit sem nær yfir staðgreinireiti 1.349.0 og 1.345.0
Sjá skipulagslýsingar vegna deiliskipulags: Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://reykjavik.is/> → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Kirkjusandur. Sótt 10. mars 2016.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir:

Borgarskjalsafn Reykjavíkur:

Aðf. 733–749. Brunabótavirðingar 1874-1945.

Skjöl byggingarnefndar (B) fyrir hús og mannvirki við Borgartún 41 og Kirkjusand 2.

Borgarsögusafn Reykjavíkur:

Byggðar lóðir í Reykjavík.

Húsaskrá Reykjavíkur.

Kortasafn.

Skipulagsuppdrættir.

Ljósmyndir úr safneign Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Kort Samúels Eggertssonar af Reykjavík 1910: „Reykjavík. Mæling og uppdráttur 1910 gerður með tilliti til uppdráttar Reykjavíkur 1903 (stærð 1:5000) eftir Landmælingardeild herforingjaráðsins og Nágrenni Reykjavíkur og Hafnafjarðar (stærð 1:2500) eftir sömu.“ Afrit varðveitt á Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Landmælingar Íslands:

Kort danska herforingjaráðsins af Kirkjusandi og Laugarnesi árið 1900. Sótt af vef Landmælinga Íslands (ekki lengur sýnilegt á vef, vegna bilana).

Minjastofnun Íslands:

Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Óútgefið leiðbeiningarit. Húsafriðunarnefnd 2009.

Skjalaver Reykjavíkurborgar:

Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík. Aðaluppdrættir.

Skipulagsuppdrættir.

Prentaðar heimildir:

Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrístateigur, Otrateigur*. Skýrsluröð Borgarsögusafns, skýrsla 150. Reykjavík 2009.

Eggert Þór Bernharðsson: *Undir bárujárnsboga. Braggalíf í Reykjavík 1940-1970*. Reykjavík 2000.

Einar S. Arnalds: *Reykjavík, sögustaður við Sund*, 4. bindi, *Lykilbók*. Reykjavík 1989.

Guðjón Friðriksson: *Saga Reykjavíkur. Bærin vaknar. 1870-1940*. Fyrri hluti. Reykjavík 1991.

Guðlaugur Jónsson: *Saga Strætisvagna Reykjavíkur 1931-1967*. Reykjavík 1971.

Guðlaugur R. Guðmundsson: „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*. Ritroð: Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík 1977. Bls. 295-312.

Íslenskt fornbréfasafn sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenska menn. III. bindi. Kaupmannahöfn 1896.

Lýðveldi í herasetinni Reykjavík. Sögulegt dagatal 1994. Val mynda og textagerð: Hrefna Róbertsdóttir. Útg. af Árbæjarsafni. Reykjavík 1993.

Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Páll Líndal: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 1. bindi (A-G), 2. bindi (H-P) og 3. bindi (R-Ö). Reykjavík 1986, 1987 og 1991.

Reykvíkingur, 1. nóvember 1899; 1. apríl 1900.

Skipulagslög 2010 - nr. 123 - 22.september. Tóku gildi 1. janúar 2011.

Valdimar Unnar Valdimarsson og Halldór Bjarnarson: *Salzfiskur í sögu þjóðar. Saga íslenskrar saltfiskframleiðslu og -verslunar frá 18. öld til okkar daga*. Fyrra bindi. Reykjavík 1997.

Þorgrímur Gestsson: *Mannlíf við Sund. Býlið, byggðin og borgin*. Reykjavík 1998.

Þór Whitehead: *Ísland í hers höndum. Myndir úr stríði 1940-1945*. Reykjavík 2002.

Rafrænar heimildir:

Borgarvefsjá. Vefslóð: <http://lukr-01.reykjavik.is/borgarvefsja/>.

Lög um menningarminjar - nr. 80 - 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013. Vefur Alþingis. Vefslóð: <http://www.althingi.is/> → Lagasafn → Leit í lagasafni: Lög um menningarminjar.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur [áður Árbæjarsafns – Minjasafns Reykjavíkur]. Vefur Borgarsögusafns Reykjavíkur. Vefslóð: <http://borgarsogusafn.is/> → Útgáfa → Skýrslur.

Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands 2013. Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa → Skráningarstaðlar → Pdf-skjal. Sótt 10. mars 2016.

Teikningavefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: <http://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb>.

Tímarit.is. Vefslóð: <http://timarit.is/>.

Vefur Guðjóns Friðrikssonar: Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedi-reykjavikur/>.

Vefur Minjastofnunar Íslands. Vefslóð: <http://www.minjastofnun.is/> → Minjar → Skráning fornleifa <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Sótt 10. mars 2016.

Vefur Reykjavíkurborgar. Vefslóð: reykjavik.is → Þjónusta → Skipulagsmál → Skipulag í kynningu → Leit: Kirkjusandur, breyting á deiliskipulagi

Vefur Þjóðskrár Íslands. Vefslóð: <http://www.skra.is/> → Fasteignaskrá → Leit í fasteignaskrá.

Munnlegar heimildir:

Guðmundur Brynjar Guðnason

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

- 133 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Kringlan, Listabraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut*. Rvk. 2006.
- 134 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Lindargata 50 – 62*. Rvk. 2007.
- 135 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Seljavegur, Ánanaust, Holtsgata, Vesturgata*. Rvk. 2007.
- 136 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur fyrir Rauðavatn*. Rvk. 2007.
- 137 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Kárestígur, Frakkastígur*. Rvk. 2007.
- 138 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Baldursgata, Þórs-gata, Njarðargata, Freyjugata*. Rvk. 2008.
- 139 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Rvk. 2008.
- 140 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grimsstaðaholtið og nágrenni*. Rvk. 2008.
- 141 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna gerðar Hallsvegur-Úlfarsfjellsvegur*. Rvk. 2008.
- 142 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Túngata, Hofsvallagata, Hávallagata, Bræðraborgarstígur*. Rvk. 2008.
- 143 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Urðarstígur, Njarðargata, Bergstaðastræti, Baldursgata*. Rvk. 2008.
- 144 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Skólavörðustígur, Njarðargata, Þórs-gata, Baldursgata, Lokastígur, Týsgata*. Rvk. 2009.
- 145 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Þormódsstaða*. Rvk. 2009.
- 146 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 147 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning. Örfirisey og Grandinn*. Rvk. 2009.
- 148 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Samtún, Nóatún, Miðtún, Hátún, Höfðatún*. Rvk. 2009.
- 149 Guðfinna Ósk Erlingsdóttir og Bragi Bergsson: *Húsakönnun. Hagamelur, Hofsvallagata, Hringbraut, Furumelur*. Rvk. 2009.
- 150 Drífa Kristín Þrastardóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Laugarnesvegur, Sundlaugavegur, Laugalækur, Hrisateigur, Otrateigur*. Rvk. 2009.
- 151 Helga Maureen Gylfadóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Pétur H. Ármannsson: *Húsakönnun. Vogahverfi*. Rvk. 2010.
- 152 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegur frá gatnamótum við Vesturlandsveg austur að Hólmsá*. Rvk. 2010.
- 153 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning jarðarinnar Ártúns á Kjalarnesi*. Rvk. 2010.
- 154 Drífa Kristín Þrastardóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Vesturvallagata, Sólvallagata, Framnesvegur, Holtsgata*. Rvk. 2010.
- 155 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Landspítalalóðar*. Rvk. 2011.
- 156 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Húsakönnun. Grundarstígur, Skálholtsstígur, Þingholtsstræti, Spítalastígur*. Rvk. 2011.
- 157 Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ingólfstorg og nágrenni. Skrá yfir fornleifar og hús í vesturhluta Kvosar*. Rvk. 2011.
- 158 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Þéttbýlismyndun í Reykjavík á 18. öld. Samanburður ritheimilda og fornleifa*. Rvk. 2011.
- 159 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rannsókn á seljum í Reykjavík* Rvk. 2011.
- 160 Anna Lís Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson: *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Rvk. 2012.
- 161 Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Vatnsnýri, Seljamýri, Óskjuhlíð. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2013.
- 162 Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Sigurlaugur Ingólfsson og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur*. Rvk. 2013.
- 163 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Helga Maureen Gylfadóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2013.
- 164 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir, Gunnþóra Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háaleiti*. Rvk. 2014.
- 165 Bragi Bergsson: *Almenningsgarðar í Reykjavík*. Rvk. 2014.
- 166 Drífa Kristín Þrastardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Arnarholt á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 167 Anna Lís Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Vallá á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2014.
- 168 Margrét Björk Magnúsdóttir: *Framkvæmdareftirlit á bæjarstæði Breiðholts*. Rvk. 2014.
- 169 Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning Stórasels*. Rvk. 2014.
- 170 Anna Lís Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Skrauthólar á Kjalarnesi. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 171 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna María Bogadóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Vogabyggð. Svæði 1-3. Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2015.
- 172 Margrét Björk Magnúsdóttir, Anna Lís Guðmundsdóttir: *Framkvæmdareftirlit vegna viðhalds á Árbæ 2015*. Rvk. 2015.